



Þegar mest á reynir

Alþingi
Erindi nr. P 139/64 www.hjukrun.is
komudagur 1.11.2010
Reykjavík 1. nóvember 2010

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga þakkar beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga lýsir yfir ánægju sinni og fullum stuðningi við setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum sem miða að því að auðvelda fólki að draga úr neyslu transfitusýra. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að jafn mikil neysla transfitusýra í matvælum eins og er hér á landi eykur líkur á sjúkdómum eins og sykursýki 2 og hjarta og æðasjúkdómum.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga styður þingsályktunartillöguna þar sem reglurnar eru settar á grundvelli heilbrigðissjónamiða og í fullu samræmi við stefnu félagsins í forvörnum og heilsueflingu landsmanna.

Með kveðju.
F.h. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, RN, MSc
Sviðstjóri fagsviðs
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga